

## Skilablað – Velferðarráðuneyti, húsnæði fyrir VMST, UMS og TR

### Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomulag skilamats segir: „Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguhúsnæðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna öflunar á leigu-húsnæði (leiguverkefni).

### 1 Upphaf verkefnis

Verkefnið varðar húsnæðismál Vinnuálagstofnunar (VMST), umboðsmanns skuldara (UMS) og Tryggingastofnunar ríkisins (TR).

Frumkvæði að verkefninu hafði velferðarráðuneytið og var hugmyndin sú að skoða hvort hugsanlega mætti koma áður nefndum þremur stofnunum fyrir í Kringlunni 1 (gamla Morgunblaðshúsinu) þar sem fyrir voru VMST og UMS en starfsmönnum UMS hafði fækkað verulega og húsnæðisþörf þar með minni.

Óskað var eftir að Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR) ynni þarfagreiningu og húsrýmisáætlun fyrir þessar þrjár stofnanir og legði mat á hvort möguleiki væri að flytja starfsemi TR í Kringlunni 1.

Verkbeiðandi og greiðandi fyrir verkefnið var fjármála- og efnahagsráðuneytið og barst beiðnin til FSR í mars 2015.

Verkefnastjóri FSR var Róbert Jónsson en einnig vann Gíslína Guðmundsdóttir, verkefnastjóri hjá FSR, við verkefnið.

### 2 Verklýsing

Verkefnið fólst í að vinna þarfagreiningu og húsrýmisáætlun fyrir VMST, UMS og TR og kanna hvort starfsemi þessara þriggja stofnana rúmaðist í húsnæðinu í Kringlunni 1 en þar voru fyrir VMST og UMS. Staðsetning verkefnis var hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Bókhalds- og greiðsluþjónusta var ekki hjá FSR.

### 3 Verknúmer

Verknúmer er 633 0090.

### 4 Framvinda

Unnin voru drög að þarfagreiningu og húsrýmisáætlun fyrir þessar þrjár stofnanir. Niðurstöður voru þær að húsnæðisþörf var metin rúmum 3.900 fermetrar eða um 18 fermetrar brúttó á hvern starfsmann.

Húsnæði sem þessar þrjár stofnanir voru með 2015 var um 7.300 fermetrar. Tekið var tillit til eftirfarandi þátta við mat á húsnæðisþörf:

- Húsnæðisþörf UMS hafði minnkað talsvert frá 2008 þegar efnahagshrunið varð.
- Núverandi húsnæði stofnananna var ekki vel nýtt.
- Ýmis samnýting gæti átt sér stað með rými ef stofnanirnar sameinuðust um húsnæði. Þar má nefna móttöku/afgreiðslu, fundarherbergi, matsal og fleira.

Ýmsum upplýsingum var safnað saman í tengslum við verkefnið, skoðuð var núverandi aðstaða, samráð var haft við hagsmunaaðila og fleira.

### 5 Kostnaður verkefnis

Kostnaður verkefnis var 932.230 kr.

### 6 Niðurstaða verkefnis

Niðurstaða verkefnisins var að ekki þótti nægilega rúmt um starfsmenn í húsnæði Kringlunnar og takmarkað hver fjölgun starfsmanna gæti orðið á næstu árum. Velferðarráðuneytið ákvað því í nóvember 2015 að skoða þennan kost ekki frekar. Þar með lauk notkun á verknúmeri 633 0090.

### 7 Ákvörðun verkkaupa

Á ekki við.

### 8 Verklök

Verklök urðu þau að skoða ekki frekar þann kost að stofnanirnar VMST, UMS og TR samnýttu húsnæði í Kringlunni 1.

### 9 Staðfesting skilablaðs

Undirritaðir staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Hafsteinn S. Hafsteinsson, forstjóri, settur



Róbert Jónsson verkefnastjóri